



Siðareglur birgja

Tilgangur

Síminn hefur sett sérstakar siðareglur birgja og byggja þær á sama grunni og sjálfbærnistefna Símans, m.a. um umhverfismál, félagslega þætti, stjórnarhætti og hagsæld (s.k. UFS viðmið). Með sjálfbærnistefnu Símans var stefna Símans í umhverfismálum mörkuð auk þess sem Síminn er stofnaðili Festu.

Markmið þessara reglna er að stuðla að því að innkaupum hjá Símanum sé hagað í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins.

Birgjar leika stórt hlutverk í aðfangakeðju félagsins og Síminn gerir kröfu til sinna birgja um að þeir stundi ábyrga starfshætti sem styðja við sjálfbærni. Birgjum ber því að kynna sér vel og undirgangast skilyrði þessara siðareglna, með það að markmiði að stuðla að sjálfbærum viðskiptaháttum. Síminn áskilur sér rétt til að kalla eftir staðfestingu frá birgja um framangreint, ásamt nánari rökstuðningi sé þess óskað.

Umfang

Siðareglur þessar taka til allra birgja Símans, hvort sem um ræðir fyrirtæki eða einstaklinga, að því gefnu að Síminn sé að kaupa þjónustu, vörur eða verk af hálfu viðkomandi.

Framkvæmd

Í starfsemi sinni ber birgja að fylgja eftirfarandi skilyrðum:

Umhverfismál

Í sjálfbærnistefnu Símans hefur félagið skilgreint tvo meginþætti í umhverfismálum sem tengjast starfsemi þess, þ.e. virðisikeðjuáhrif og notkun náttúruauðlinda.

Svo unnt sé að ná framangreindum markmiðum er lögð áhersla á að birgjar:

- Marki sér stefnu í umhverfismálum og veiti Símanum upplýsingar um þau umhverfisáhrif sem af starfsemi þeirra hlýst með markvissum hætti, sé þess óskað.
- Þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr neikvæðum áhrifum.
- Afhendi sorp til endurvinnslustöðva þar sem það er flokkað eftir viðeigandi og viðurkenndum aðferðum.

Félagslegir þættir

Í sjálfbærnistefnu Símans sem og í mannauðs- og jafnréttisstefnu Símans endurspeglast mikilvægi félagslegra þátta í rekstri Símans.

Í samræmi við það leggur Síminn áherslu á að birgjar virði mannréttindi og leggi áherslu á heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi.

Birgjum Símans ber því að:



- Virða félagaþreysi, kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks og starfa í samræmi við lög á vinnumarkaði á hverjum tíma.
- Virða mannréttindi og fylgja lögum og reglum um réttindi barna, þar með talið barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Starfa í anda jafnréttis þar sem einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreiti, ofbeldi eða hverskonar mismunun er ekki liðin.
- Hlúa vel að starfsfólki sínu, tryggja öryggi þess og stuðla að heilsusamlegu starfsumhverfi.

Til viðbótar ofangreindu ber birgja að gæta þess að ráða ekki til starfa eða verktöku einstaklinga sem geta skaðað ímynd Símans og/eða er til þess fallinn, að mati Símans, að valda félaginu álitshnekki. Dæmi um framangreint er ef viðkomandi er sakaður um eða hefur sýnt af sér ólögmæta og/eða siðferðislega ámælisverða hegðun. Ekki er nauðsynlegt að háttsemi af hálfu viðkomandi hafi verið sönnuð fyrir dómi. Skyldi koma upp slíkt tilvik ber birgja að gera viðeigandi og nauðsynlegar úrbætur við fyrsta tækifæri, þó a.m.k. tryggja að viðkomandi aðili sé ekki viðriðinn þjónustu til handa Símanum.

Stjórnarhættir

Síminn lítur svo á að góð forysta og stjórnarhættir séu lykilatriði þegar kemur að sjálfbærum rekstri. Síminn leggur því áherslu á að birgjar þess tryggi ábyrga stjórnarhætti í starfsemi sinni.

Lögð er áhersla á að birgjar:

- Setji sér siðareglur og birti opinberlega.
- Setji sér sjálfbærnistefnu og birti hana opinberlega.
- Leggi sitt af mörkum til að vinna gegn hvers konar spillingu og viðhafi gott siðferði í rekstri sínum og viðskiptum.
- Lögð er áhersla á að birgjar verndi allar upplýsingar frá Símanum og viðskiptavinum hans sem þeim kann að vera látið í té, tryggja trúnað og deila ekki gögnum án heimildar Símans.
- Þá er lögð áhersla á að birgjar innleiði viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi gagna og kerfa.
- Starfi samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Viðbrögð við frávikum

Komi upp rökstuddur grunur um brot birgis á siðareglum þessum mun Síminn grípa til viðeigandi úrræða til að tryggja viðeigandi úrbætur í samstarfi við birginn. Sömuleiðis er ætlast til að birgirinn bregðist við með viðeigandi hætti fái hann ábendingu um starfshætti sem kunna að stangast á við þessar siðareglur. Leiði framangreint ekki til fullnægjandi breytinga eða úrbætur skila ekki tilskildum árangri áskilur Síminn sér rétt til að bregðast við með öðrum hætti, svo sem að slíta viðskiptasambandi við birginn.

Ábyrgð

Siðareglur þessar eru á ábyrgð framkvæmdastjórnar Símans en forsjáraðili þeirra er Fjármálastjóri. Siðareglurnar skulu endurskoðaðar á þriggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur og vera aðgengilegar á vef Símans.

Siðareglur þessar eru samþykktar af framkvæmdastjórn Símans og síðast uppfærðar þann 14.2.2025.